

Samstarf skólans við önnur skólastig

Leikskóli

Þar sem leik- og grunnskóli eru ein stofnun og undir sama þaki, leitumst við að virk tengsl séu við leikskóla og leitast er við að hafa samstarf mikið. Dæmi um slíkt samstarf sem nú þegar er stundað er m.a. eftirfarandi

- Stefna Grunnskólans og leikskóladeildar er samræmd, áhersla að gera það enn frekar skólaárið 2015-2016.
- Skólaráð og foreldrafélag leikskóla er sameinað
- Sameiginleg kennslustund leik- og grunnskólanemenda er að lágmarki einu sinni í viku.
- Yngstu nemendur grunnskóla koma að starfi í leikskóla, t.d. með lestri fyrir leikskólabörn.
- Leikskólabörn í elsta árgangi koma í heimsókn einu sinni í viku á vorönn.
- Valvika er höfð á sama tíma í leikskólanum.
- Leikskólabörnum er boðið með á viðburði.
- Leikskólabörnum er stundum boðið að taka þátt á skemmtunum.
- Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur í grunnskólanum með leikskólabörnum.
- Eldri nemendum býðst að taka að sér val-lotu í leikskólanum eina lotu á vetri.
- Útskrift leikskólabarna á sér stað á skólaslitum í Grunnskólanum.
- Samnýting starfsmanna

Samstarfið er í þróun en áhersla 2015-2016 er á að stefna stiganna sé samræmd og muni líta út sem heildstæð stefna haustið 2016.

Framhaldsskóli

Grunnskólinn á nokkru samstarfi við Menntaskólann á Egilsstöðum og helstu fletir á því eru þessir:

- Heimsókn á skólakynningardag er farin með elstu nemendum á vorrið í 9. og 10. bekk
- Skólinn veitir Menntaskólanum upplýsingar um nemendur og kemur til skila umbeðnum gögnum um greiningar ofl.
- Umsjónarkennarar í 10. bekk veita námsráðgjöfum upplýsingar um nemendur.
- 2015 er stefnt að því að umsjónarkennari kynni sér kröfur og áhersluatriði náms í ME
- Samræður eiga sér stað við stjórn ME um gengi og vellíðan nemenda okkar í þeim tilgangi að bæta starf okkar í grunnskólanum.
- Umsjónarkennari eða skólastjóri kynnir foreldrum í 10. bekk það námsframboð sem býðst nemendum að loknum grunnskóla í samstarfi við Menntamálaráðuneytið og námsráðgjafa á vegum þess.

Aðrir skólar/stofnanir

- Sundlaugin á Egilsstöðum hleypir nemendum okkar að á haustin fyrir skólabyrjun grunnskólanna á Fljótsdalshéraði. Sund er kennt sem lota að hausti GBE sér um mönnun og gæslu nemenda.
- Félagsmiðstöðin Ný-ung hefur veit aðstöðu til að nemendur okkar geti nestað sig
- Héraðsbókasafnið á Egilsstöðum , samstarf óskast 2015-2016
- Brúarásskóli samstarf stjórnenda, nemendaskemmtun á miðstigi ofl.
- Ferðafélag Fljótsdalshéraðs býður nemendum okkar gjaldfrjáls afnot af skálum Ferðafélagsins
- SKAUST samstarf stjórnenda á Austurlandi, m.a. um bættan námsárangur nemenda
- Háskóli Íslands: Þátttaka í verkefnum s.s. Háskólalestin, mögul. óformlegt samstarf við menntavísindasvið um endurmenntun ofl.
- Skaftfell um listkennslu